

Sp.

402. Fyrirspurnir.

[206. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um jarðbora.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hverju nema eftirtaldir kostnaðarliðir við borun Kröfluholu, þar sem heildarkostnaður er áætlaður 280 milljónir króna:

- a) launakostnaður og annar beinn kostnaður við mannafla,
- b) flutningskostnaður á bor,
- c) borkrónuslit, efni, fóðrun og steypa?

Hvað kostar jarðborinn Jötunn eigendur árlega, sé hann ekki notaður?

II. Til heilbrigðisráðherra um heilsugæslulækna.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hve margir heilsugæslulæknar eru skipaðir í starf utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæma?
2. Hve margir ættu þeir að vera samkvæmt lögum?
3. Hve margir eru skipaðir á H 1 stöðvum, þ. e. í gömlu einmenningshéruðunum?
4. Hve margir ættu þeir að vera samkvæmt nýju lögunum um heilbrigðisþjónustu?
5. Hvernig hyggst ráðherra leysa læknskort afskekktustu héraðanna?